



Reykjavík, 9. desember 2019

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.

Hinn 20. nóvember sl. birti umhverfis- og auðlindaráðuneytið áform um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Áformin hafa verið yfirfarin á vettvangi SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og vilja samtökin koma nokkrum ábendingum á framfæri.

Í 3. hluta kafla A (úrlausnarefni) er boðuð sérstök lagsetning vegna hálendisþjóðgarðs. Í því samhengi vilja SAF koma því á framfæri að það er afar mikilvægt að lagagerð um þjóðgarða sé samræmd. Því er nauðsynlegt að líta til gildandi laga um þjóðgarða, s.s. laga um Vatnajökulsþjóðgarð, og þeirrar framkvæmdar sem þegar er komin reynsla á. Á það ekki síst við þegar horft er til þess að ætlunin er að lög um Vatnajökulsþjóðgarð falli brott og sá þjóðgarður verði verði hluti að nýjum miðhálendisgarði. Markmiðið með stofnun miðhálendisþjóðgarðs ætti m.a. að vera að tryggja samræmt skipulag og samræmda stjórnsýslu þjóðgarða og friðlýstra svæða. Ætla má að væntanleg þjóðgarðastofnun geti annast samræmingu á þessu sviði.

Í 3. hluta kafla A (úrlausnarefni) er áformað að litið verði til stjórnskipulags Vatnajökulsþjóðgarðs við mótnun stjórnskipulags nýs hálendisþjóðgarðs. Í því samhengi vilja SAF vekja athygli á því að í stjórn og svæðisráðum Vatnajökulsþjóðgarðs er „...fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðamálasamtökum skulu eiga áheyrnaraðild að fundum stjórnar“. Inntak orðanna *ferðamálasamtök* er óskýrt og ekki í takt við þá þróun sem orðið hefur í málefnum ferðaþjónustu síðustu ár. Bendir SAF á að hugtakið ferðamálasamtök er ekki lengur að finna í lögum um Ferðamálastofu, nr. 96/2018, sem komu í stað laga um skipan ferðamála, nr. 73/2005. Ástæðan er sú að slík samtök eru aðeins virk á tiltölulega fáum svæðum á landinu og oft rekin í tengslum við sveitarfélög eða samtök þeirra. Við þetta má einnig bæta að ferðaþjónustuaðilar á viðkomandi svæðum eru í flestum tilvikum aðilar að SAF og því væri það í betra samhengi við raunveruleikann að fela SAF það hlutverk að tilnefna fulltrúa að höfðu samráði við ferðaþjónustuaðila sem starfa innan þeirra sveitarfélaga á viðkomandi þjóðgarðssvæði. Miðað við vöxt og umfang atvinnugreinarinnar innan þjóðgarða landsins er mikilvægt bæta aðkomu ferðaþjónustunnar innan stjórnsýslu þjóðgarða og því óska SAF eftir að gert verði ráð fyrir því að fulltrúar SAF eigi sæti í stjórn og telja jafnframt eðlilegt að

samtökin skipi varaformann stjórnar hálendisþjóðgarðsins. Þar að auki væri það til verulegs hæggðarauka að SAF verði falið að tilnefna fulltrúa ferðaþjónustunnar í svæðisráð miðhálendisþjóðgarðs.

Í kafla D áformskjalsins er eins og áður segir gert ráð fyrir því að Vatnajökulsþjóðgarður verði hluti af hálendisþjóðgarði og lög um Vatnajökulsþjóðgarð falli því brott verði frumvarp um hálendisþjóðgarð að lögum. Mikilvægt er að Vatnajökulsþjóðgarður verði ekki hluti af miðhálendisþjóðgarði fyrr en stofnun miðhálendisþjóðgarðs hefur verið lokið og reynsla hefur komist á stjórnun og skipulag þess þjóðgarðs. Í því felst m.a. að fjármögnun nýs þjóðgarðs þarf að vera lokið og rekstur tryggður. Ekki má til þess koma að þjónustutekjur Vatnajökulsþjóðgarðs verði nýttar til fjármögnunar nýs hálendisþjóðgarðs og þannig skerðist tekjur til uppbyggingar innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Sameining þjóðgarðanna verður þannig að vera aðskilinn fyrstu rekstrarár nýs þjóðgarðar a.m.k. þar til að ljóst er orðið að samlegðaráhrif hafa nást af sameiginlegum rekstri.

Að mati SAF á að það góða starf sem hefur verið unnið á vettvangi Vatnajökulsþjóðgarðs, bæði hvað varðar undirbúning og gerð samstarfssamninga og atvinnustefnu, að verða fordæmisgefandi fyrir nýjan hálendisþjóðgarð. Nauðsynlegt er að horft verði til þess starfs við undirbúninginn.

SAF taka undir áherslu í skýrslu nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu (Hálendisþjóðgarð) frá 4. desember 2019 þar sem segir m.a.

[M]álsmeðferð frumvarps útheimtir frekara samráð, sem og nákvæmari útfærslu á einstökum þáttum sem nefndin hefur fjallað um. Nefndin telur nauðsynlegt að við málsmeðferð á næstu stigum verkefnisins, við undirbúning lagafrumvarps, verði gerð ítarlegri greining á fjármagnsþörf þjóðgarðsins við stofnun hans og við upphaf rekstrar með hliðsjón af þeim áherslum sem nefndin hefur fjallað um í skýrslunni. Einnig telur nefndin mikilvægt að við útfærslu þjóðgarðsins í lagafrumvarpi verði hugað að því að stjórnkerfi þjóðgarðsins muni geta hafið vinnu, og eftir atvikum lokið, við þær stefnumarkandi áætlanir sem nauðsynlegar eru áður en rekstur hins nýja þjóðgarðs hefst. Þá telur nefndin mikilvægt að við stofnun Hálendisþjóðgarðs verði strax í byrjun hugað að rannsóknum og gagnaöflun, t.d. vöktun á umferð og náttúrulegri framvindu, til að meta árangur af stofnun og rekstri þjóðgarðsins.

Samtökin benda á að reynslan af stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sýni að mikilvægt er að samráð og undirbúningsvinna við m.a. grundvallarskipulag, stefnumörkun og áætlanagerð, samstarf hagaðila og fjármögnun sé komin mjög vel á veg, og jafnvel lokið, áður en þjóðgarður er formlega stofnaður með lögum. Með það í huga leggja samtökin áherslu á að áhersla verði lögð

á að ljúka slíkum verkefnum áður en ráðist er í framlagningu og umfjöllun lagafrumvarps á Alþingi.

Að lokum vilja SAF áréttta sérstakalega mikilvægi þess að við val á samstarfsaðilum tengdum atvinnustarfsemi innan nýs þjóðgarðs verði litið til reynslu og að gerðar verði kröfur um „vottanir“ varðandi gæða- og umhverfismál. Samtökin benda einnig á mikilvægi þess að samrýma þarf atvinnustefnu miðhálandisþjóðgarðs og stefnu stjórnvalda um nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar

A handwritten signature in black ink, reading 'Jóhannes Þór Skúlason'. The signature is written in a cursive, flowing style.

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri